

Kennaraháskóli Íslands

Kennari: Halla Jónsdóttir

Fagmennska kennara og skólaþróun

Verkfallið 2004
Fagmennska í fyrirúmi?

Reykjavík 24. ágúst 2007

Ester Þorsteinsdóttir

Inngangur

Árið 2003 skall á verkfall sem hafði í sér mikla umræðu í fjölmiðlum. Ég fann mér góðar heimildir og las mér til um það sem skrifað var í blöðin á þessum tíma, bæði fyrir og eftir verkfallið og auðvitað meðan á því stóð.

Í flestum tilfellum voru það alltaf þeir sömu sem stóðu fyrir skrifum í blöðum. Í miðjum lestri mínum skrifaði ég undir ráðningasamning hjá einum grunnskóla landsins og nú nálgast í það að ég verð umsjónarkennari 7. bekkjar. Ég er mun áhugasamari á að lesa um þessa deilu núna heldur en þegar hún stóð yfir.

Hvað segja kennarar?

„Þarf að hækka tölvuvert til að geta haldið áfram að kenna“, „Launin ekki í samræmi við álagið“, „Hlutirnir farnir að ganga býsna illa“, „Leiðrétting á grunnlaunum nauðsynleg“. (Ásmundur Einarsson o.fl. 2004:22-23) Þetta eru fyrirsagnir á nokkrum skrifum kennara í baráttudeilunni.

Í öllum þessum skrifum í fjölmiðlunum þegar verkfallið var að skella á, las ég þó nokkur skrif frá kennurum. Flestir voru að skrifa það sama. Þeir voru að útskýra fyrir fólki, lesendunum hvernig starfi þeirra væri háttað. Og svo komu þeir allir inná launamálin. Flestir sögðu þó að þeir væru í þessu starfi vegna þess hve skemmtilegt það væri og gefandi. Þeim var það ljóst fyrir háskólagöngu sína að að kjörin væru ekki í samræmi við háskólagöngu þeirra. Ein grein sem einn kennarinn setti í blaðið með fyrirsögninni: Fagmaðurinn – grunnskólakennarinn er mjög skemmtilega orðuð en hann byrjar á því að tala um sjúkrasögu sína, hversu oft hann hefur nú verið skorinn upp og settur í gífs. Hann las sér því aðeins til um læknisfræði og keypti sér skurðáhöld og auglýsti svo aðgerðir á netinu. Honum fannst hálf undarlegt að enginn vildi koma til hans og fá ódýra aðgerð. En svo var honum sagt að fólk treysti ekki þeim sem hefðu ekki lært til læknisfræðinnar. Svo urðu líka lækna- snarvitlausir og honum sagt að lækna- þyrftu lækningaleyfi. En honum fannst það skrítið þar sem að þetta tíðkaðist hjá kennurum. Starfsheitið grunnskólakennari er lögverndað og starfsréttindi hans einnig og því hlyti að mega gera þetta í öllum störfum fyrst þetta má í kennslu. Hann spyr hvers vegna það sé liðið að einhverjir séu að kenna sem ekki hafa til þess réttindi, hversu góðir leiðbeinendur sem þeir eru og skýtur inn að hann sé góður í að úrbeina samt skeri hann ekki upp. Það ætti að vera krafa okkar allra að enginn fengi að kenna án tilskilinna réttinda. (Jón Pétur Zimsen 2004:25a)

Þessi kennari lætur mest til sín heyra í fjölmiðlunum á þessu tímabili. Hann setur sín skrif skemmtilega upp og fjallar um svo margt og skrifar t.d. síðar þetta þegar hann talar um vinnutíma kennara:

... Allir virðast skilja að fréttamaðurinn á skjánum er ekki bara í vinnunni þann tíma sem áhorfendur sjá hann, leikarinn í leikhúsinu þarf að æfa verkið áður en hann flytur það og slökkviliðsmaðurinn fær ekki bara greitt fyrir að þann tíma sem hann er að slökkva eldinn. (Jón Pétur Zimsen 2004:28b)

Kennarar eru sífellt að segja það sama. Það er í raun sorglegt að eftir þetta 7 vikna verkfall urðu þeir að játa sig sigraða í deilunni. Ef að lög væru sett um það að kennara fái ekki að fara í verkfall þegar kemur að næstu samningum, væri það í raun ekki bara betra og kennarar myndu í staðinn standa fyrir hópuppsögn? Það tæki langan tíma þar sem að það má víst lengar uppsagnafrestinn ef kemur til hópuppsagna en deilan myndi kannski leysast á þeim tíma og án þess að kennarar verði fyrir aðkasti foreldra fyrir því að fara í verkfall.

Það er margt merkilegt við Ísland.... Á Íslandi er líka mikil og góð hefði fyrir því að starfstéttir séu lögverndaðar. T.d. má ekki hver sem er leggja rafmagn í íbúðirnar okkar. Nei, vegna þess að til þess þarf sérstakt nám og próf. Ekki má heldur hver sem er keyra leigubílinn sem við tökum og því síður strætó. Nei, til þess þarf meirapróf. Það þarf s.s. sérþjálfað vinnuafli í nánast allt í okkar tilveru.... Þannig að við getum nánast treyst því að ef einhver starfar sem læknir, þá er hann læknir og hefur menntun til þess. Og ef við förum uppí leigubíl, þá getum við nánast treyst því að bílstjórinn sé með meirapróf. Annað væri lögbrot....

Það má engin gera eitthvað sem hann hefur ekki réttindi til. Enginn má stjórna gröfu án réttinda; enginn má stunda lækningar án réttinda; enginn má vera prestur án réttinda... Það er óhugsandi að gefa undanþágur vegna þessa. Nema hjá kennurum. Þar má veita undanþágur frá lögum um lögvernd á starfsheiti grunnskólakennara. Það er meira að segja til sérstök undanþágunefnd. Hún hefur það hlutverk að veita þeim sem eru ekki með kennsluréttindi og sækja um að kenna í grunnskólum undanþágu....

Ef það er einhver stétt í þjóðfélaginu sem þarf á hæfu og dugmiklu starfsfólki að halda, þá er það kennarastéttin. Því miður er það nú þannig að það er gert ráð fyrir leiðbeinendum í kjarasamningum. Ekki ætla ég að gera lítið úr þeim leiðbeinendum enda fylli ég þann flokk sjálfur. Það sem sviður hins vegar er sú staðreynd að stéttarfélag kennara skuli sætta sig við þessa stöðu. Þar er nefnilega staðreynd að leiðbeinendur halda launum kennara niðri. Það er hinn blákaldi veruleiki. (Valdimar Másson. 2004:22)

Eftir þennan lestur skoðaði ég kjarasamninga Félags Grunnskólakennara og það tók mig nokkurn tíma til að finna út í hvaða launaflokk ég færi í. Eiríkur Bergmann Einarsson skrifar umfjöllun á þessu tímabili en þar er hann að reyna átta sig á kjarasamningum kennara. Hann ákvað að lesa sér til og náði sér í kjarasamning grunnskólakennara og skrifar að hann sé í 221 lið og 15 köflum. Hann segir að engin leið sé að átta sig á kjörum kennara á þessum 55 síðum og launataflan sé í 180 flokkum. Hann telur upp nokkra liði úr samningum og skýtur inná milli: „Einhverju nær?“ og „Ég sem hélt að þetta væru allt kennarar!“ Hann gefst svo uppá lestrinum og skrifar: „Við lesturinn á þessum kostulega kjarasamningi vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort þetta sé ekki óþarflega flókið, og látum það vaða – vitlaust.“ (Eiríkur Bergmann Einarsson 2004:16)

Getur verið að það ríki meiri fagmennska á meðal framhaldsskólakennara? Það er stór munur á kjarasamningi Félags Grunnskólakennara og svo kjarasamningi Félags

Framhaldsskólakennara. Þegar ég skoðaði hann var ég enga stund að sjá í hvaða flokk ég færi í enda eru ekki um 12 starfsheiti þar að ræða t.d. Leiðbeinandi 2 eða Framhaldsskólakennari 1. Þú ferð í launaflokk miðað við að vera með kennsluréttindi og ekkert þar á undan.

Að mínu mati sé ég ekki betur en að þeir hafi það betra og gerðu betri kjarasamning þegar verkfallið var hjá þeim árið 2000 og stóð það í átta vikur.

Hvað sögðu nemendurnir?

Það var áhugavert í lestri mínum að nemendur stóðu sig vel í að senda inn bréf til fjölmiðla. Það voru þeir sem létu lesendur vita hversu miklu máli skiptir að hafa góðan kennara. Krakkar frá 9 ára aldri sendu inn línur og í flestum tilfellum óskuðu þau því að það þyrfti ekki verkfall eða að verkfallinu færi að ljúka. En þau stóðu með sínum kennurum og sögðust halda áfram í verkfalli til að þeir fengu sín mannsæmandi kjör. Þau sem voru í elstu bekkjunum höfðu áhyggjur af námsframvindu sinni. Ein stúlka í 10. bekk skrifar um „Líf án kennara“ og segir fólki að „þæla í því“ að kennarastarfið sé eitt mikilvægasta starf sem til er og að það sé mikilvægara en forsetaembættið. Hún biður fólk að hætta að kenna kennurum um að krakkarnir séu bara hangandi heima eða inní bílskúr að reykja hass vegna þess að verkfall standi yfir. (Anna Þorsteindsóttir 2004:31)

Þá má fara ræða um það hvort almenningur, foreldrarnir telji að skólinn og kennarar séu í raun barnapiur. Tímarnir hafa breyst og flestir foreldrar útivinnandi. En það er ekki þar með sagt að kennarararnir eigi ekki bara að sjá um að fræða börnin, kenna þeim að lesa og skrifa heldur einnig að huga að uppeldi og mannsiðum.

Einnig lætur drengur í 10. bekk í sér heyra undir fyrirsögninni „Hvað um okkur“ en þar talar hann um hvernig nemendur séu þriðji aðilinn í fjölmiðlafárinu. Og þá meinar hann að kennarar og sveitarfélögin séu í hærri hluta umfjöllunarinnar. „Án nemanda væru engir kennarar“ skrifar hann og svo vitnar hann í 2. gr. siðareglna kennara en hún segir að kennurum beri að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og því skilji hann ekki hvers vegna það sé verkfallsbrot að setja fyrir heimanám í verkfallinu. Svo fer hann einnig í launakjörin en endar á því að segja til samnemenda sinna: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Berið hagsmuni kennara fyrir brjósti og verið fyrirmynd kennara í þeim efnun.“ (Andri Björn Róbertsson 2004:30)

Hvernig hefur fagmennska kennara breyst á undanförunum árum?

Fagmennska kennara hefur breyst mikið á undanförunum árum. Hér áður fyrr voru kennara í svipuðum launaflokki og prestar og jafnvel þingmenn. Í dag er munurinn sá að kennara eru síður metnir fyrir störf sín og sést það á launamiðanum. Ég held að fagmennska kennara hafi farið minnkandi vegna sífelldra launabaráttu. „Það er óþolandi að í hvert skipti sem við förum fram á leiðréttingu launa þá er eins og við séum eina stéttin í landinu sem það gerir.“ Þetta skrifar kennari vegna kjaramála kennara en í henni er hún einnig að ráðast á ákveðinn bæjarstjóra og gerir það annsi harkalega. Hann á það kannski skilið en í greinina fannst mér vanta alla fagmennsku kennarans. (Ásdís Ólafsdóttir 2004:29).

Það er líka alveg rétt að lítið er talað um hversu góða kennara þjóðin hefur og þá meina ég t.d. skrif í blöðum. En svo þegar kemur að kjarasamningum eru kennarar bara vondir og vilja hærri laun og minni vinnuskyldu og hóta verkfalli sem bitnar á nemendum. Og það er kennurunum að kenna, ekki Sveitarfélögunum eða ríkinu.

Ég á tvær vinkonur sem eru kennarar og þegar ég sagði þeim að ég væri bara ekki viss um hvort það væri fagmennska lengur hjá grunnskólakennurum. Mér þætti það svo merkilegt eftir lestur minn vegna verkfallsins hversu lítið heyrðist í kennurum. Ég fékk illt auganráð frá þessum vinkonum. Þær sögðu að kennarar standa ekki í því að pikka inn einhverjar útskýringar á þeirra starfi til að setja í blöðin. Kennarar eru orðnir hundleiðir á því að þurfa sífellt að þurfa útskýra sín laun og sitt starf og hvað það felst í því að vera kennari. Fólk veit þetta. Þegar ein af þessum vinkonum er svarað með því að kennara séu alltaf í fríi og með fín laun þá spyr hún einfaldlega þann aðila, „hversvegna ferð þú þá ekki bara að kenna fyrst þú heldur að þetta sé svona auðvelt starf, á fínum launum með endalaust frí?“ Enn hefur ekki svar borist.

Hvað af helstu baráttumálum kennara í síðustu samningum tengjast fagmennsku?

Í greinagerð að starfsreglum siðanefndar kennara í Kennarasambandi Íslands er sagt að skráðar siðareglur kalli á umræður um hugsjón og tilgang kennarastarfsins sem eykur fagvitund kennara að það sé liður í því að efla fagmennsku kennara með því að setja sér skráðar siðareglur. Í dag koma upp fleiri álitamál í skólum og neikvæð ímynd kennarans og hörð samskipti kennara og vinnuveitenda gera kennara óörugga um stöðu sína. Ég ætla ekki að telja upp allar þær 14 reglur en númer 7 hljóðar svona:

Að jafnaði skal siðanefnd kennara ekki taka mál til umfjöllunar nema sýnt sé að sættir náist ekki innan skóla eða sveitarfélags málsaðila og yfirvöld á staðnum geti ekki leyst það með farsælum hætti. Þetta á þó ekki við ef mál rís vegna ágreinings um túlkun á siðareglum. (Kennaraháskólinn 2007)

Í þessari heitri baráttudeilu kennara sem endaði með verkfalli í 7 vikur og miklum skrifum í blöðin, gat ég ekki fundið nein skrif frá siðanefnd kennara. Hefði siðanefndin ekki einmitt átt að láta í sér heyra og talað um fagvitundina?

Helsta baráttumál kennara í þessari deilu var að sjálfsögðu tengd fagmennsku. Að starf kennaras sé metið til fulls. Þetta er háskólanám og fæstir kennarar eru búnir í vinnunni sinni snemma á daginn og svo í endalausum fríum.

Lokaorð

Margir kvarta yfir stefnuleysi í menntamálum og sagt að það vanti heildarsýn. Ég held að það væri hægt að hafa mikil áhrif á þróun menntamála með því einu að gera verulegar breytingar á launamálum kennara og það er athyglisvert hve óljós tengslin eru á milli skipulags skólastiganna, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og svo háskólastigs.

Ég var einnig hissa útfrá fagmennskunni, að í þessu verkfalli þar sem að nemendur fengu ekki aðgang að skólabókum sínum, fyrirtæki fengu skammir fyrir að setja upp gæslu fyrir börnin og endalaust verið að fylgjast með hvort einhverjir væru að gera eitthvað sem þætti vera verkfallsbrot, máttu kennara samt sem áður fara í námsferðir erlendis, eitthvað sem var skipulagt. Sem fagmaður hefði ég ekki tekið þátt í slíku ferðalagi sem leit út fyrir að vera hálfgerð sólarstrandarferð kennara.

Íslenskir kennarar eru fagstétt. Kennarastarfið felst ekki einungis í því að fara eftir námskrá sem gerð er af æðri mönnum. Kennarinn er einsog alfræðibók sem veitir upplýsingar og miðlar til nemenda sinna ákveðnum þekkingaratriðum. (Trausti Þorsteinsson 2003:194a).

Árangur og ábyrgð í námi nemandans eru mikil og því þarf kennarinn einnig að vita hvernig

hann kemur til móts við þarfir nemandans og geta brugðist við óvæntum uppákomum og geta átt góð samskipti við foreldra og samstarfsfólk. Kennarinn er hluti af þeirri heild sem skólinn er og öll starfstétt samkennara hans. Hann þarf að vinna með öðrum kennurum og skólastjórnendum því að skólastarfið byggist á vel ígrunduðum markmiðum og stefnum. Ekki má gleyma því að kennarar velja sér ekki skjólstæðinga né vísa einhverjum frá og nemendurnir hafa ekkert val. Nemendur eru ólíkir að námsgetu og þroska og því verða kennarar að skipuleggja skólastarfið og kunna til verka til að geta kennt nemendum sem eru á ýmsum aldri og misáhugasamir. (Trausti Þorsteinsson 2003:191b).

Kannski er umræða um fagmennsku kennara svo mikið í umræðunni vegna þess að það virðast allir geta sótt um kennarastöðu burt séð frá menntun.

Ef einhver flytur útá land og vantar vinnu og hefur ekki áhuga á að fara í sjávarútveginn, getur sá hinn sami gengið inní grunnskóla bæjarfélagsins og fengið kennarastöðu. Einsog það sé ekkert mál að vera kennari. Ekki eru launin há en þeir fá víst annarskonar fríðindi einsog lægri húsaleigu og lengri sumarfrí. Ætli þessar ákveðnu manneskjur sem ganga í þessi störf beri enga virðingu fyrir þeim sem eru með réttindi og sjálfsagt vilja þau hafa fullmenntaðann kennara með áralanga reynslu þegar það kemur að því að kenna þeirra eigin börnum. Þeir vilja fagmenn og það hugtak er afar þröngt skilgreint. Fagmenn eru þeir sem hafa klárað ákveðna menntun, hafa siðareglur og verndað starfsheiti. Hvort sem kennarar telja kennslustarfið vera listgrein, fræðigrein eða bara venjulega vinnu sem takast verður á við af fullri einlægni og bestu getu og þár er ljóst að starfið krefst fagmennsku. (Ragnhildur Bjarnadóttir 1993:66)

Heimildarskrá:

- Andri Björn Róbertsson. 2004. „Hvað um okkur?“ *Morgunblaðið*, 18. september.
- Anna Þorsteindsóttir. 2004. „Líf án kennara.“ *Morgunblaðið*, 09. nóvember.
- Ásdís Ólafsdóttir. 2004. „Við höfum okkar rétt, Krisján Þór.“ *Morgunblaðið*, 03. september.
- Ásmundur Einarsson, Birna Arnþórsdóttir, Sigurlaug Gunnarsdóttir, Valgerður G. Børkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson, Steinunn Helga Lárusdóttir og Trausta Þorsteinsson. 2003. Fagmennska og forysta. Þættir úr skólastjórnun. Reykjavík. Rannsóknarstofnun
- Eiríkur Bergmann Einarsson. 2004. „Semjum um föst heildarlaun.“ *Fréttablaðið*, 25. september.
- Jón Pétur Zimsen. 2004a. „Fagmaðurinn - grunnskólakennarinn.“ *Fréttablaðið*, 03. september.
- _____. 2004b. „Vissir þú þetta.“ *Morgunblaðið*, 28. september
- Kennaraháskóli Íslands. 2007, 20. ágúst. Vefslóð: http://menntun.khi.is/sigurjon/sid_ki.htm
- Ragnhildur Bjarnadóttir, 1993. Leiðsögn: liður í starfsmenntun kennara. Reykjavík.
- Valdimar Másson. 2004. „Ódýrt vinnuafl.“ *Fréttablaðið*, 07. september.

Blaðagreinarnar eru fengnar hjá Fjölmiðlavaktinni, Fræðslumál 01.09.2004 – 01.11.2004